

GJALDSKRÁ

fyrir leyfisgjald vegna hunda- og kattahalds, ásamt gjaldi vegna föngunar og vörslu óskilahunda og óskilakatta í Norðurþingi.

1. gr.

Hunda- og kattaeyndur í Norðurþingi, skulu greiða leyfisgjald skv. 5. gr., 15. gr., 17. gr., 18. gr, lið c og 26. gr. í samþykkt nr. 888/2008 um hunda- og kattahald í Norðurþingi, sem staðfest var af umhverfisráðuneytinu 8. september 2008.

2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjald skv. 5. gr. að upphæð kr. 12.000 á hvern hund í fyrsta sinn við skráningu og síðan árlega á gjalddaga sem sveitarfélagið ákveður.

Af köttum skal innheimta kattaleyfisgjald skv. 26. gr. að upphæð kr. 3.000 á hvern kött í fyrsta sinn við skráningu og síðan árlega á gjalddaga sem sveitarfélagið ákveður.

Innfalið í leyfisgjaldi er eingöngu sá kostnaður sem bæjarfélagið verður fyrir vegna umfjöllunar, umsýslu, auglýsinga, skráningar, trygginga og aflesara. Allur annar kostnaður sem til fellur vegna hunds eða kattar, skal greiddur af leyfishafa.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt um hunda- og kattahald í Norðurþingi, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflifun skv. 20. gr., 21. gr. og 32. gr. sömu samþykktar.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða kr. 5.000 fyrir fyrsta skiptið sem hundur eða köttur er fangaður, í annað skiptið skal greiða kr. 10.000, í þriðja skiptið sem hundur eða köttur er fangaður skal greiða kr. 20.000.

Fyrir óskráðan hund eða kött sem er handsamaður, skal eigandi greiða við afhendingu kr. 15.000. Auk þess skal greiða kr. 1.000 fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu. Miðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta sem hundur eða köttur er fangaður á almanaksári.

Ef til aflifunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af sveitarstjórn Norðurþings þann 21. október 2008, á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast hún gildi 1. janúar 2009. Við staðfestingu gjaldskrár þessarar falla úr gildi eldri gjaldskrár vegna hunda- og kattahalds í sveitarfélaginu.

F.h. Norðurþings, 22. október 2008,

Bergur Elías Ágústsson sveitarstjóri.

—————
B-deild – Útgáfud.: 3. desember 2008